

# MONITOR



FRITT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

USAIN BOLT FOR **PUMA**<sup>®</sup>  
FRAGRANCES

**BRING ON THE DAY**



**green & yellow** THE NEW FRAGRANCES BY PUMA.

Því hraðar sem þú gengur þeim mun lengur munt þú lifa.

Hjólin hafa snúist hratt hjá framhaldsskólanemanum **Febie Mae** sem nýverið fékk útgáfusamning hjá stóru bókaútgáfunni Barnes and Noble í Bandaríkjunum.

## Upplifir bandaríska bókadrauminn

„Ég flýg út til Los Angeles 15. apríl til að skoða aðstæður en ég ætla mér ekki að flytja út fyrr en ég klára Fjölbrotaskólann í Breiðholti á næsta ári,“ segir hin 19 ára gamla Febie Mae sem fyrr á þessu ári gerði samning við stóru bókaútgáfuna Barnes and Noble í Ameríku. Febie hefur skrifað mikið frá 14 ára aldri, tekið þátt í ritkeppnum og skrifað smásögur en hún fór að sinna ritstörfum af alvöru þegar hún fékk góð viðbrögð við ræðu sem hún skrifaði í enskuáfangi í framhaldsskólanum. Febie er frá Filippseyjum en fluttist hingað til lands 5 ára gömul og þó hún reyni að skrifa dálítið á íslensku segir hún enskuna vera sína sterku hlið. „Orðaforðinn minn er betri á ensku og enskuna hef ég lært úr bíómyndunum, sjónvarpinu, bókunum og enskútímunum í skólanum,“ segir Febie.

### 9 mánuðir af skrifum

Ameríkuævintýrið byrjaði svo fyrir um ári síðan þegar bókaútgáfan Blurp í San Fransisco í Bandaríkjunum auglýsti keppni þar sem hægt var að senda inn greinar. „Ég sló til og sendi grein eftir sjálfa mig sem var blaðsíða á lengd. Ég komst ekki inn í fyrstu tveimur tilraununum og hélt að þessu væri ekki ætlað að gerast hjá mér en ákvað að senda í þriðja skipti,“ rifjar Febie upp en þá fóru hjólin að snúast af alvöru. Forstjóri Blurp hafði samband við hana og sagði að ef hún gæti gert 300 blaðsíðna sögu út frá greininni þá myndi fyrirtækið gefa hana út. Febie leist sérdeilis vel á það og við tóku 9 mánuðir af skrifum. Í framhaldinu komst hún ásamt fjórum öðrum umsækjendum á 5 ára samning hjá útgáfunni. „Mér fannst

það auðvitað alveg frábært og sagði við vini mína: „Loksins fæ ég tækifæri til að tjá mig í rituðu máli,“ því mér finnst auðveldara að skrifa orð á blað heldur en að segja þau upphátt,“ útskýrir Febie.

### Skilar fyrsta verki í júní

Febie staldraði þó stutt við hjá Blurp því nýverið hafði forstjórinn þar samband við hana og sagði henni af áhuga bókarisans Barnes and Noble. Fólkið þar á bæ hafði áhuga á að gefa út söguna hennar og eftir fjögurra daga umhugsun ákvað Febie að segja skilið við Blurp og skrifa undir samning við Barnes and Noble. „Fyrst hugsaði ég að ég væri ekki nógu proskuð og reynd til að demba mér í þetta allt saman. En svo hugsaði ég að úr því að ég væri hugsa að ég væri ekki tilbúin að þá hlyti það að sýna að ég væri virkilega tilbúin,“ segir Febie sem í júní skilar sínu fyrsta verki sem í grunninn fjallar um hóp af fólki í kringum tvítugt sem hefur gaman af lífinu en þarf þó að takast á við ýmis vandamál. „Karaktersköpun var samt ekki mín sterka hlið svo ég skrifaði bara um vini mína en setti þau í erfiðar aðstæður eins og fíkniefnaneyslu eða heimilisofbeldi. Ég las mér mjög mikið til um þessi vandamál og bæði Blurp og Barnes and Noble fannst þessi heimur sem ég skapaði mjög áhugaverður enda eitthvað sem margir geta tengt við,“ útskýrir Febie. Febie er þó rétt að byrja enda búin að skrifa bók númer tvö. „Það er ótrúlegt að vera að hoppa út í djúpu laugina. Ég er stressuð og hrædd en á sama tíma er ég spennt og rosaalega ánægð enda veit ég að þetta verður virkilega lærdómsríkt,“ segir Febie að lokum.



### FEBIE MAE

**Fyrstu sex:** 080893.  
**Uppáhaldsbók:** The Fault in Our Stars eftir John Green.  
**Uppáhaldsrithöfundur:** Áðurnefndur John Green er meistari.  
**Æskudraumur:** Kennari, lögga og svo rithöfundur.  
**Lag á heilanum:** Closer með Tegan and Sara.

## MONITOR

### MÆLIR MEÐ...

#### FYRIR SPILARA

Litla verslunin með spilin og púsluspilin, **Spilavinir**, hefur notið mikilla vinsælda frá því hún opnaði á Langholtsvegi fyrir fimm árum. Nú færir búðin sig um set og opnar á nýjum stað í Skeifunni, nánar tiltekið að Suðurlandsbraut 48. Í tilefni þess verður lítið húllumhæ í versluninni í dag klukkan 17.00 þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og skemmtileg borðspil. Allir áhugasamir spilarar ættu því ekki að láta slíkt teiti framhjá sér fara.



#### FYRIR SÖNGELSKA

Fyrir tveimur vikum fór fram undanúrslitakvöldið í **Karóíkíkeppni háskólanna** en í kvöld fer svo fram sjálft úrslitakvöldið í Stúdentakjallaranum. Þar munu 10 keppendur keppa til úrslita en til mikils er að vinna því sigurvegarinn mun fá flug og miða fyrir þrjá á undankeppni Eurovision í Svíþjóð. Allir þeir sem hafa dálæti á söng ættu því að skella sér í kjallaran í kvöld.



## VIKAN Á FACEBOOK



**Valdimar Guðmundsson**  
Ég hata borð 65 í Candy Crush næstum því jafn mikið og ég hata það að tala um pólitík. Þetta eru erfiðir tímar hjá mér.

2. apríl kl. 12:32



**Óli Geir**  
Beta er að sofa hjá en sitja hjá

2. apríl kl. 12:32



**Ólafur Þór Jólsson**  
Það var ekki málsáttur í mínu eggi heldur skilaboð „Stígðu hægt frá egginu og farðu út að hlaupa hlunkur.“

31. mars kl. 13:07




**Davíð Örn Simonarson**  
Takk Jesú fyrir að hafa risið upp frá dauðum! Í tilefni af því ætla ég að borða yfir mig af súkkulaði

31. mars kl. 11:17



**Saga Garðarsdóttir**  
Krakkar, gefið litlu hlutunum í lífinu meiri gaum - að tryggja matinn sinn er frábær skemmtun

30. mars kl. 23:30



**Kjartan Atli Kjartansson**  
Gott að allar myndir af páskaeggjum komu inn á

Facebook. Nú er maður kominn með eitthvað brúnna en fitness módelin inn á newsfeedið.

31. mars kl. 10:22

[www.facebook.com/monitorbladid](http://www.facebook.com/monitorbladid)

## BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 9** mánuði tók það Febie Mae að skrifa sína fyrstu sögu
- 11** ár eru síðan AK Extreme var fyrst haldin á Akureyri
- 2** af eigendum Slark fatamerkisins taka þátt í Gámamótinu á AK-Extreme
- 32** þættir kepptu í þáttabíkarkeppni hjá Péttri Svans

**MONITOR@MONITOR.IS** Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnars-son (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýs- ingadeild Árvakurs (augl@mbli.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson (kring@mbli.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Af engu og einhverju

**M**eistari Einar Lövdahl er kominn heim. Hann ákvað fyrir löngu síðan að yfirgefa okkur í tæpar tvær vikur yfir páskahátíðina og þurftum við að gjöra svo vel að finna leiðir til að koma út blaði án þessa magnaða blaðamanns sem heldur starfsemi blaðsins á floti dag frá degi.

**Þ**að tókst með herkjum að púsla þessu saman og verðum við að þakka núverandi Morgunblaðs-pennanum og verðandi RÚV-fréttakonunni, Guðrúnu Sóleyju Gestsdóttur, kærlega fyrir að hoppa um borð á ögurstundu. Þó hún hafi ýmsum öðrum hnöppum að hneppa gaf hún sér samt tíma til að kveikja á ritvélinni innra með sér og hristi tvö stykki viðtöl fram úr erminni á met tíma. Það fyrra var við Emmsjé Gauta sem um helgina verður að renna sér niður Hlíðarfjall á Akureyri ásamt fjöldanum öllum af brettafólki því þar fer fram snjóbrettahátíðin AK Extreme. Síðara viðtalið er forsíðuvíðtal þessa tölublaðs og þar spjallar Guðrún við Unni Ösp Stefánsdóttur, leikkonu, sem átt hefur farsælan feril í leikhúsinu. Hún hefur þó einnig látið gott af

sér leiða innan herbúða Unicef og eins er hún í dag verndari UN Women á Íslandi. Unnur segir það í raun sjálfsgöðan hlut í dag að vera femínisti í okkar samfélagi enda eigum við að fagna jöfnum rétti og sigrum karla og kvenna.

**O**g talandi um sigra. Þvílíkur sigur hjá Febie Mae að landa samningi hjá bókarisnum Barnes and Noble. Það verður einstaklega gaman að fylgjast með hennar ævintýri vestanhafs enda alltaf ánægjulegt þegar Íslendingar vinna hvers kyns sigra á erlendri grundu.

**F**ebie segist hafa náð góðum tókum á enskunnri og riti því mestmegnis á því tungumáli. Sjálfur var ég alltaf afskaplega dapur í ensku á minni skólagöngu, að minnsta kosti var það mín sista námsgrein. Ég fór þó aldrei fram á það að námsgreinin yrði felld niður enda fögnun við fjölbreytileikanum og teljum það til happs að fólk sé misgott í hinum ýmsu greinum þó svo að óhöppin komi vissulega við sögu endrum og eins.





Snjóþrettafrömuðurinn **Hreggviður Ársælsson** er einn af skipuleggjendum **AK Extreme**-snjóþrettahátíðarinnar sem fram fer á Akureyri um helgina.

**HREGGÓ**

Fyrstu sex: 130674.  
Upphaldsskiðasvæði: Hlíðarfjall.  
Snjóþrettaaldur: Eitthvað um 22+ ár.  
Lag á heilanum: Dig for Fire með Pixies.

ENNEWM/SIA/1165142

# Millifærðu með hraðfærslum í Appinu

einn ..



Veldu hraðfærslur á upphafsskjámynd og smelltu á þekktan viðtakanda

Við bjóðum góða þjónustu



Skannaðu kóðann til að sækja Appið.



islandsbanki.is | Sími 440 4000

# „Það þarf að hafa aðeins fyrir þessu“

## Þú ert einn af upphafsmönnum AK Extreme. Hvernig varð hugmyndin til í upphafi?

Hugmyndin kemur frá Sigurði Jósefssyni sem ákvað að kasta fram þessari undarlegu hugmynd að halda snjóþrettamót niðri í bæ á Akureyri árið 2002 í samvinnu með Eimskip. Burn kom svo fljótlega inn eftir það. Ég hef keppt öll árin nema eitt og verið viðloðinn AK Extreme þó ég hafi ekki verið í upphaflega grunnhópnum sem setti þetta á fót. En í stuttu máli var þetta bara geðveikis-hugmynd hjá snjóþrettafrömuðum á landinum sem voru að láta sér leiðast og vildu gera eitthvað brjáláð. Þetta var hugmynd sem mönnum þótti svo ýkt að menn varla trúðu því að hún myndi takast. En keppnin hefur nú verið haldin þrjú ár í röð og er þetta í sjöunda sinn sem hún fer fram og þetta fyrirbæri stækkar ár frá ári.

## Er hátíðin eins konar árshátíð íslensks snjóþrettafólks?

Þetta er orðin söguleg og mjög eftirsóknarverð árshátíð hjá snjóþrettamönnum á Íslandi og okkur hefur tekist að stækka hana verulega með aukaaðstoð frá ótrúlega góðu fólki. Akureyringar eiga Fálsaorðuna skilið fyrir áhugann á því að vinna með snjóþrettafólki hvort sem það sé í Hlíðarfjalli eða niðri í bæ.

## En þeir sem kunna ekkert á bretti. Mega þeir láta sjá sig?

Alveg hiklaust. Það er öllum velkommið að koma

og horfa á mótin og það kostar ekki á neina viðburði nema á tónleikahliðina á Græna hattinum. Þannig að fólk getur fylgst með því sem er um að vera í Hlíðarfjalli og í bænum.

## Og hvernig viðburðir eru þetta?

Á fimmtudeginum verður svokallað Chinese Downhill. Þá boðum við sem flesta til að koma upp í fjall og taka síðasta rennslið í lyftunum áður en þær loka alveg uppi í Strýtu. Þar klæðir fólk sig úr bindingum og svo hlaupa allir af stað, klæða sig í brettið og renna niður víska hlíð. Svo eru reglurnar ansi frjálssar á niðurleiðinni. Sú ferð endar þannig að við grillum ofan í alla keppendur og þá sem koma að horfa á keppendur mæta í mark. Þarna byrjar AK Extreme í raun formlega. Svo er Burn Jib-Session í göngugötunni á föstudeginum. Þar er búið að búa til park þar sem eru handrið, tröppur og allur fjandinn sem brettamenn geta spreytt sig á. Burn ætlar meira að segja að kveikja í handriðum sem keppendur renna sér á.

## Svo er Eimskips-Gámamótið á laugardeginum. Það er ein stór klikkun, ekki satt?

Jú, það er rétt. En Eimskips-Gámamótið er stærsti viðburðurinn og það er „the scary Sh#.“ Þar er einhverjum 16 gámum raðað við andapollinn neðan við sundlaug. Burn sjá svo um geggjáða flugeldasýningu og eldvörpur á meðan keppendur stökkva. Á laugardeginn fer einnig fram Akx/SKA Slopestyle-mót sem er ansi skemmtilegt því þá

er keppt í krakkaflokkum 16 ára og yngri og fer mótið fram í Hlíðarfjallsparkinu.

## Þið takið það bara á ykkur að renna ykkur niður þessa klikkun?

Já, það þarf að hafa aðeins fyrir þessu.

## Má gera ráð fyrir því að AK Extreme-liðar sofi í svona 4 tíma á sólarhring á meðan á hátíðinni stendur?

Við sem erum að vinna að þessu höfum alveg tapað því sem heitir sólarhringur. Það kemst varla að einhver afslöppun eða popppoki. Þetta er bara vinna tuttuguogfjórir-sjö og þeir sem standa að þessu eru á öðru hundradinu. Við gefum meira og minna alla vinnuna okkar og það er klárlega þess virði.


## Og hvar sérdú hátíðina eftir 10 ár?

Eins og staðan er þá stækkar þetta með hverju ári og við sjáum fyrir okkur áframhaldandi uppbyggingu í þessari iðkun. Snjóþretti á Íslandi eru nú þegar byrjuð að koma sér á kortið í heiminum og þetta er bara enn einn vettvangurinn til að fylgja því eftir. Við sýnum hvað Ísland getur gert ótrúlega skýrtna hluti. Snjóþrettamenn erlendis sem hafa verið að fylgjast með okkur kalla þetta „sketch-fest“ snjóþretta í heiminum því hér er öllu stillt út á ystu nöf og menn þurfa að búa sig undir adrenalínsjokk, sérstaklega niður gámapallinn.

## tveir og þrír!



Veldu eða skráðu inn upphæð



Millifærsla framkvæmd!

## Vantar unglínginn á heimilinu smá bíðþening?

Við einföldum millifærslur í snjallsímanum margfalt. Með nýja Íslandsbanka Appinu má nálgast stöðuna á reikningum og færa smærri fjárhæðir á vini og vandamenn með fáeinum smellum.

## Þjónusta í gegnum Appið:

- Hraðfærslur á þekktu viðtakendur
- Staða reikninga með einum smelli
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Upplýsingar um útibú og hraðbanka
- Aðgengi að Netbanka o.fl. sem opnar á fleiri möguleika

Kynntu þér nýja Appið betur á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)

Þjónustan er í boði fyrir fjárháða einstaklinga með aðgang að Netbanka Íslandsbanka.

**SPARI**

KJÓLL: WAREHOUSE  
SOKKABUXUR: OROBLU  
SKÓR: JEFFREY CAMP  
BELL, KEYPTIR Á EBAY  
SOKKAR: FRÁ MÖMMU,  
ÚR MARC BY MARC  
JACOBS AF ASOS

**UPPÁHALDS**

PEYSA: WOOD WOOD  
KEYPT Í KÖBEN  
BUXUR: DR. DENIM  
SKÓR: GS SKÓR

**ÚT Á LÍFIÐ**

SAMFESTINGUR: URBAN OUTFITTERS  
JAKKI: JUST FEMALE  
SKÓR: VAGABOND  
LEÐURTASKA: TÖSKUBÚÐ Í KÖBEN

**HVERSDAGS**

SKYRТА: ZARA  
BUXUR: KEYPTAR Á SPÁNI  
SKÓR: NEW BALANCE  
KEYPTIR Í KAUPMANNAHÖFN

# Fegurðarsamkeppnir og húðflúr heilla ekki

**Stíllinn** kíkti í heimsókn til **Kristjónu Arnarsdóttur** 22 ára mann- og fjölmiðlafræðinema við Háskóla Íslands. Kristjana fylgist vel með tískunni og segir hún flott sólgleraugu vera ómissandi fyrir vorið sem að hennar mati er skemmtilegasti árstíminn hvað tísku varðar.

**Hver er Kristjana?**

Kristjana er þrælhress stúlka með alltof mörg áhugamál og er mjög líklega með athyglisbrest.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?**

Stíllinn minn er mjög afslappaður og þægilegur. Það var eitthvað sem ég lærði að væri mikilvægt þegar ég bjó í Kaupmannahöfn og þurfti að strunsa á milli lestarstöðva eða hendast um á hjólinu fleiri kílómetra á dag. Svo er ég ekki enn búin að læra að labba almennilega niður hringstígann í HÍ og reyni því alltaf að fara í teygjanlegar buxur og strigaskó þegar ég þarf að mæta í tíma.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?**

Já, ætli ég geti ekki sagt það. Mér finnst gaman að velta tískunni fyrir mér og reyni eftir bestu getu að vera með á nútunum hvað varðar trendin.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?**

Ég kaupir yfirleitt fötin mín í útlöndum og þá verða Just

Female, Cos, Urban Outfitters, Samsøe Samsøe, Weekday, Zara eða Monki yfirleitt fyrir valinu. Annars er ég algjör Asos-fíkill og panta mér reglulega þaðan þegar mér finnst ég eiga það skilið.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?**

Mér finnst vorið einna skemmtilegast. Það verða allir svo hressir og glaðir þegar það fer að vora og gleðin nær einhvernvegin að endurspeglast í fatavali fólksins.

**Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir vorið?**

Fín sólgleraugu. Það er mikilvægt að vera með svoleiðis í bílnum ef það gengur illa í vorprófunum. Þá þarf enginn að sjá grátbólgin augun. Annars er hvíti liturinn að koma virkilega sterkur inn svo það væri gaman að fá sér einhverja fallega hvíta flík fyrir sumarið. Annars fagna ég gríðarlega röndóttá trendinu sem ætlar að verða vinsælt í vor og sumar.

**Hver hafa verið þín verstu tískumistöð?**

Það hljóta bara að vera rifnu sokkabuxurnar sem einhverra hluta vegna urðu einhverskonar „thing“ hér um árið. Ég

skemmdi alveg nokkrar fullkomlega góðar sokkabuxur fyrir málstaðinn.

**Hver er best klædda kona í heimi?**

Þegar stórt er spurt! Fyrirsætarnar Alexa Chung og Cara Delevingne eru með flottan stíl að mínu mati.


**Er eitthvað skemmtilegt á döfninni hjá þér?**

Vorprófin bíða mín, þau eru alltaf jafn skemmtileg. Eftir þau ætla ég að mæta til vinnu á Fréttablaðið en þar hef ég verið með annan fótinn frá haustinu 2010. Annars hef ég unnið í Borgarleikhúsinu frá árinu 2006 með alveg hreint yndislegu fólki. Mér finnst fáránlega skemmtilegt að vinna.

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig yrði það?**

Þegar ég var yngri setti pabbi mér lífsreglurnar, sem voru tvær. Ég átti aldrei að taka þátt í fegurðarsamkeppni og ég mátti ekki fá mér húðflúr. Ég mótmælti ekki, enda heilla fegurðarsamkeppnir og húðflúr ekkert sérstaklega. En ef ég þyrfti að velja yrði það eflaust einhver bilaður einkahúmor.

**BJÖRGVIN VALDIMARSSON, ÁRNI INGI ÁRNASON OG ADALSTEINN VALDIMARSSON ERU MEDAL PEIRRA SEM STANDA Á BAK VIÐ SLARK Í DAG.**



# Íslenskt bretta- og götutískumerki

Fatamerkið **SLARK** er í mikilli sókn um þessar mundir og verður áberandi á **AK-Extreme**-hátíðinni sem haldin verður á Akureyri um helgina. **Stíllinn** spjallaði við **Adalstein Valdimarsson**, einn af mönnum á bak við merkið.

**Hvernig kviknaði hugmyndin að því að búa til fatamerki?** SLARK var stofnað af Arnari Frey Valdimarssyni árið 2003 og hann stýrði merkinu til ársins 2006 er hann kvaddi okkur og heiminn langt fyrir aldur fram. Hugmynd hans var að búa til íslenskt bretta- og street-fatamerki. Arnar hannaði öll þau merki sem við notum í dag og nýjar hugmyndir eru byggðar á hönnun hans og stíl.

**Hvenær var SLARK stofnað?** SLARK Clothing var sett aftur í gang árið 2012 af okkur, vinum og fjölskyldu Arnars og núna er það í okkar höndum að láta merkið stækka og halda draumum hans á lífi.

**Hvernig fatnaður einkennir SLARK fatamerkið?** Hugmyndin er að vera með íslensk-an bretta- (snow/skate/surf) og street-fatnað fyrir karlmenn en vonandi í framtíðinni verður fatnaður fyrir dömur. Einnig er þetta fyrir alla herra sem vilja vera sexí og sætir.

**Hvar er hægt að versla fatnaðinn?** SLARK vörurnar eru til sölu í versluninni Noland sem er staðsett í Kringlunni og líka í gegnum



**SLARK ER MEÐ GLÆSI-LEGT ÚRVAL AF BRETTA- OG STREET-FATNAÐI.**

facebook-síðuna okkar (facebook.com/slar-riceland).

**Nú er AK-EXTREME-snjóbrettahátíðin haldin á Akureyri um helgina, er eitthvað sérstakt í gangi hjá SLARK í tengslum við hátíðina?** Auðvitað verður SLARK sýnilegt á AK-X og þar verða Árni Ingi og Hreinn Heiðar a.k.a. Mr. Clean. Þeir eru tveir af eigendum SLARK og taka þátt í Gámastökkinu á laugardagskvöldinu kl. 21:00 í beinni útsendingu á N4. Einnig



**ÞEGAR KALT ER Í VEDRI ER GOTT AÐ EIGA GÓÐA OG FLOTTA HÚFU.**

verður fatnaður til sýnis á hátíðinni og þar verður hægt að leggja inn pantanir á SLARK-vörum.

**Er eitthvað spennandi framundan hjá SLARK-fatamerkinu sem þið getið deilt með lesendum?** Í byrjun sumars kemur út ný lína frá okkur og undirbúningur fyrir vetrarlinuna er í fullum gangi, en hún verður mun stærri en síðasta vetur. Síðan er ætlunin að vera með einhverja SLARK-viðburði í sumar.

## HVER VELUR HÁRRÉTT?



**Anne Hathaway vs. Michelle Williams**

Það eru alls ekki allir sem gætu litið svona vel út með stutt hár en þær báðar púlla þessa klippingu glimrandi vel. Hárið hjá Anne er hins vega heldur flatt og sigrar því Michelle fyrir líflegri greiðslu.



**Jessica Alba vs. Diane Kruger**

Þó svo að þessi kynþokkafulla greiðsla, að greiða hárið allt til hliðar, kemur virkilega vel út hjá báðum ofurskuttunum, hentar þykka og síða hárið hennar Jessicu betur fyrir þessa greiðslu.



**Emmy Rossum vs. Brittany Snow**

Það er erfitt að velja á milli þessara skvisa, þær púlla báðar þessa flottu greiðslu virkilega vel. Ljós og stutta hárið hennar Brittany hefur þó sigurinn, mjög fagað en einnig kynþokkafullt útlit.



**Ashlee Simpson vs. Kaley Cuoco**

Það getur verið virkilega stílhreint og flott þegar konur sleikja hárið upp í hnút en þá þarf að hafa tvennt í huga, að snúðurinn sé ekki of lítill, og að andlitsfallið passi greiðslunni. Kaley hugsaði út í hvorugt.

## Bóluhreinsir og dagkrem

Bóluhreinsirinn virkar mjög vel á mig, bólurnar hverfa og hann sótthreinsar og græðir. Mér finnst dagkremið mjög frískandi fyrir andlitið og gefa góðan raka því ég er stundum með þurra húð. – Hlíf Sverrisdóttir



**Bóluhreinsirinn** hefur virkað afar vel á bólur en hann er bæði bólgueyðandi og sótthreinsandi.

**Dagkremið** er einstaklega rakagefandi og hentar vel fyrir venjulega, þurra og viðkæma húð.



Er á Facebook

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaupsverslunum (Smáralind og Spönginni) og Fjarðarkaupum.

[www.annarosa.is](http://www.annarosa.is)

Ef þú





# ert ekki femínisti þá ertu einfaldlega eitthvað skrýttinn

**U**nnur Ösp Stefánsdóttir leikkona hefur um árabíl birst Íslendingum til skiptis í leikhúsi, sjónvarpi og kvikmyndum. Hún hreppi Grímuna sem besta leikkona ársins 2011, var tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands auk þess sem hún hlaut Stefánustjakann á síðasta ári. Hún lætur ekki þar staðar numið því hún leikstýrir líka í Borgarleikhúsinu auk þess sem hún tekur virkan þátt í starfi Unicef og UN Women og er tveggja barna móðir.

**Texti:** Guðrún Sóley Gestsdóttir **monitor@monitor.is**  
**Myndir:** Kristinn Ingvarsson **kringg@mbli.is**

Monitor tók tal af þessum múltitasker og forvitnað-ist um hvernig hún púslar saman dögnum.

## Jæja Unnur, hvað brallaðir þú í páskafríinu?

Við fjölskyldan fórum og hittum gamla MH-vinahópinn okkar í sumarbústað. Við fórum árlega í sumarbústað og uppötvaðum núna að allt í einu var talsvert minna næði en vanalega, enda fylgir hópnun núna glás af krökkum. Við erum á því stigi að kvöldspjallið var svolítið slappt því við erum öll örmagna af þreytu yfir barnastússi. En þótt við höfum þurft að skipta á nokkrum kúkableyjum þá var þetta yndislegt, við fórum í páskaeggjaleit og almennt sveif mikil fjölskyldustemning yfir vötnum.

## Nú ert þú kona Björns Thors leikara. Hvernig vildi það til að tveir stórléikarar drægju sig saman?

Við kynntumst í leikfélaginu í MH, þar sem við vorum bæði í stjórn og unnum að uppsetningu á Poppleiknum Óla. Það er gamall hipposöngleikur sem foreldrar mínir áttu heiðurinn af einhverjum 30 árum fyrr. Þau skrifuðu söngleikinn og settu hann upp í Tjarnarbíói, felldu hugi saman og urðu þar í Poppleiknum Óla. 30 árum síðar, á frumsýningarkvöldinu áttum við Bjössi fyrsta kossinn. Þetta er þrusugóð saga og gaman að segja hana.

## Við hvaða verkefni ertu að fást í augnablikinu?

Um þessar mundir er ég að leika í nýju verki sem heitir NÚNA! og verður frumsýnt þann 12. apríl í Borgarleikhúsinu.

NÚNA! er í raun þrjú leikrit í einu eftir ungskáldin Tyrfring Tyrfringsson, Kristínu Eiríksdóttur og Söllu Guðmundsdóttur. Kristín Eysteinsdóttir leikstýrir öllum þremur verkunum, sem öll eru í styttri kantinum og sýnd á einu og sama kvöldinu.

## Þetta er þá 3-in-1 leikrit?

Já, þetta er einmitt þannig. Borgarleikhúsið gefur þremur ungum röddum tækifæri til að setja verk sín á svið með fullu æfingátímabili, en við höfum æft verkin í tvo mánuði. Að sýningunni stendur frábær leikhópur, en með mér leika þau Þröstur Leó, Hanna María, Sigurður Þór, Valur Freyr og Lára Jóhanna. Verkin eiga það sameiginlegt að lýsa samtímanum og fjalla um íslenskan veruleika. Eitt þeirra, verk Söllu, fjallar til að mynda meðal annars um feisbúkk og allan kúltúrinn í kringum það.

## Með hvaða hlutverk ferð þú í NÚNA!?

Ég leik hlutverk í tveimur af þremur verkum, annars vegar hjá Kristínu og hins vegar í leikriti Tyrfrings. Í því fyrstnefnda leikum við Valur Freyr þar og ég fer með hlutverk undirgefnar konu sem reynir að þóknast manningum sínum. Hún er svolítið skemmtileg og taugaveikluð týpa, en verkið er á súrrealískum nótum og framvindan nokkuð ófyrirsjáanleg. Í verkinu hans Tyrfrings leik ég svo aðaláhóru sem býr í bæ rétt fyrir utan Vegas í Bandaríkjunum. Hún er komin á svolítið sorglegan stað í lífinu en á sama tíma er mikill húmor í leikritinu. Tyrfringur er óþorganlegur húmoristi,

**■ ■** Ef það er rétt gert geta verið 500 manns sem hreinlega öskra þegar maður gengur á hurð eða hrasar

hann er ofsalega svört og súr rödd - það var hrikalega gaman að æfa þessi leikrit og mig langaði stundum hreinlega að skrifa þeim bréf til að lýsa yfir ánægju minni. Ég er sérstaklega hamingjusöm með einræðu sem ég held sem er einstaklega þakklát, flott og djúsi - endalaust drama en samt svo endalaus kaldhæðni. Allir þessir ungu höfundar hafa sterka tilfinningu fyrir sorg, hinu mannlega og búa yfir mikilli djúpt.

## Nú ert þú bæði leikkona og leikstjóri - hvort er skemmtilegra?

Þetta er rosa gott í bland. Maður fær meiri allsherjar sköpunarútrás sem leikstjóri, þar er maður með puttana í öllu og kemur að ferlinu alveg frá byrjun þegar leikarar eru valdir í hlutverkin. Það er mjög fullnægjandi að sjá hugmyndir sem kvikna á koddanum á kvöldin verða að raunveruleika daginn eftir.

Að standa á sviði krefst annars konar hugrekksis. Þegar ég prófaði að leikstýra í fyrsta skipti hugsaði ég með mér að það væri skítlétt að leika - að það væri eins og að drekka vatn að standa á sviðinu og láta stýra sér. En svo þekki ég marga leikstjóra sem hafa ekki prófað að leika sjálfir og bera takmarkalaus virðingu fyrir því. Þeir skilja ekki hvernig fólk getur staðið á sviði frammi fyrir fjölda fólks og rífið úr sér hjartað á hverju kvöldi. Þetta eru ólíkar áskoranir, þótt það sé talsvert meira álag að leikstýra - það hefur aðeins meiri vöðvabólgu í för með sér.

## Er ekki þreytandi að þylja sömu rulluna kvöld eftir kvöld í vinsælustu sýningunum?

Það er rosalega mikið komið undir því hvort maður fái einhverja fullnægju út úr vinnunni sinni. Maður getur verið að leika spjót eða tré 8 sinnum í viku í finni sýningu fyrir fullum sal og skiljanlega verið að deyja úr leiðindum. En sem betur fer fá flestir leikarar sem eru í fullu starfi fjölbreytt verkefni og áskoranir inn á milli. Ég hef verið mjög ánægð með samstarfið við Magnús Geir leikhússtjóra, hann býr til hóp leikara sem hann hefur trú á að geti þroskast og eflst með ólíkum og misögrandi verkefnum. Ég hef fengið að þroskast sem listamaður að því leyti og þá er þetta auðvitað meiriháttar gaman.

## Er mögulegt að tvinna saman fjölskyldulíf og leikarastarfið?

Við finnum leiðir til þess. Kveikjum bara á grillinu klukkan fimm og förum svo í vinnuna. En án alls gríns þá getur þetta auðvitað verið svolítið spes en við látum það ganga. Við pössum okkur líka að vinna ekki of mikið svo við höfum nóg að gefa á sviðinu og nóg að gefa heima við. Þá skipta einhverjir þúsundkallar

okkur litlu máli, enda ekki þess virði þegar það krefst þess að maður sé eins og útsþýtt hundskinn úti um allan bæ, það græðir enginn á því - hvorki áhorfendur né börnin manns. Það hefur tekið nokkur ár að finna jafnvægið og læra að segja nei, gera ekki allt.

## Þið Björn Thors eignuð tvö börn. Er ekki meitlað í stein að þau verði stórléikarar bæði tvö?

Ég hef litla trú á að Dagur sonur okkar leggi fyrir sig leiklist. Hann stefnir miklu frekar í átt að lögfræði eða verkfræði því hann er mikill rökhyggjumaður. Við erum sífellt að reyna að draga hann með okkur í leikhús en hann er ekki næstum því jafn upprifinn yfir þessu eins og við vorum á hans aldri. Ómögulegt er að segja í hvaða átt dóttir okkar, Bryndís, stefnir - enda er hún bara 10 mánaða. Ég vona bara að þau velji sér störf sem þau hafa ástríðu fyrir, það er engan veginn stemning á heimilinu fyrir því að yta þeim út í þennan bransa nema þau hafi einlægán áhuga á þessu.

## Muntu koma þér varanlega fyrir í leikstjórastólnum þegar árin færast yfir?

Ætli það ekki, mér finnst rosalegt kikk að leikstýra og langar að gera meira af því í framtíðinni. Á síðari árum þegar maður nennir ekki lengur að vinna öll kvöld þá er það líka hentugra.

## Hvort er betra, drama eða grín?

Það er eðli málsins samkvæmt skemmtilegra að leika grín. Það má segja að það séu ákveðnir fordómar gagnvart farsa í leikhúsum, það þykir ekki merkilegasta listin en það er fátt skemmtilegra en að leika í leikritum af þeim toga. Það er líka mikil áskorun því maður er sífellt að reyna að ná tökum á ákveðnum ryþma, tímasetningum og að mjólka andartakið. Ef það er rétt gert geta verið 500 manns sem hreinlega öskra þegar maður gengur á hurð eða hrasar, og það er mikil áskorun að reyna að hitta á akkúrat þau móment. Farsinn er þess vegna mjög erfiður að mórgu leyti og það ætti alls ekki að gera lítið úr því.

Ég hef hins vegar að mestu leyti verið í alveg hádramatískum rullum, svo öfgadramatískum að það jadrar við að vera fáránlegt. Það hefur aftur á móti gefið mér mjög mikið, enda er ég algjör dramasökker. Hef miklu meira gaman af dramatískum bíómyndum en gamanmyndum, til að mynda. En ég forðast samt að skilgreina mig sem drama- eða grínleikkonu.

## Hver er lykillinn að því að vera fyndinn?

Ég held að lykillinn að góðum gamanleik sé að gera það frá hjartanu, af einlægni og reyna aldrei að vera fyndinn. Þegar maður fer að matreiða grínið, þá fyrst lendir maður í vandræðum. Þetta er líka spurning um alvöru, farsar eru fyndnastir þegar maður gerir þá upp á líf og dauða. Þegar manni tekst að búa til alvöru stresskast yfir einhverju framhjáaldsrugli eða býr til 100% einlægt móðursýkiskast vegna einhvers minniháttar vandamáls, ef það er í alvöru þá verður það fyndið.

## Þú starfar mikið fyrir UN Women, hvernig byrjaði það ævintýri?

## FIMM KREFJANDI

**1** Ef þú værir ekki leikkona, hvað værir þú þá að gera? Ég væri annaðhvort að skrifa eða í einhvers konar mannúðarstarfsemi.

**2** Helstu áhugamál fyrir utan leiklist og mannúðarstörf? Kvikmyndir. Ég er alin upp við að horfa á fullorðinsmyndir sem barn, það hefði mjög dramatíserandi áhrif á líf mitt en þroskaði mig líka mikið. Ég hef alltaf haft áhuga á sögum af fólki.

**3** Uppáhaldskvikmyndin: Úff, það er erfið að segja. En mynd sem er mjög lýsandi fyrir minn smekk er myndin Kramer vs. Kramer. Hana hef ég séð milljón sinnum en ég er rosalegur 80's sökker fyrir nett melódramatískum, vel leiknum, einföldum og svolítið sorglegum bíómyndum.

**4** Uppáhaldsleikstjóri: Susanne Bier.

**5** Leiðinlegasta hlutverkið? Það er ósannjærnt að tala um leiðinlegasta hlutverkið, en ég lék mjög challenging hlutverk í Fjölskyldunni. Það var 4 kukkustunda sýning og ég held að ég hafi verið með þrjár setningar en var á sviðinu allan tímann. Þetta var algjörlega frábær sýning, með meiriháttar leikarabópi en ég lék þögulan indjana sem átti að ráfa um sviðið og hlusta á alla. Til að byrja með tók ég Pollyónnu á þetta, var innilega þakklát fyrir að hafa fengið að vera með í þessu magnaða leikriti sem var risahittari. Fyrstu 45 sýningarnar fannst mér mjög gaman, en seinni 50 voru erfiðari. Þá fœuk Pollyónna út um gluggann, segjum að það hafi verið áskorun.

Ég hafði verið mjög mikið inni í starfi Unicef á Íslandi, sem byrjaði með því að einn úr vinnuhópnum okkar í MH, Stefán Ingi Stefánsson tók sig til og stofnaði og gerðist framkvæmdastjóri Unicef. Við tókum talsvert mikinn þátt í því starfi og í framhaldi af því höfðu fulltrúar UN Women samband við mig og föluðust eftir því að ég gerðist verndari UN Women á Íslandi. Þótt mér hafi fundist sá titill svolítið formlegur þá gat ég ekki skorast undan vegna þess að þetta hefur alltaf verið mér mikið hjartans mál. Kvenréttindi almennt eru áhugamál hjá mér, ég er alin upp við meðvitund um þau mál, mér finnst þau spennandi og er innblásin í þessu starfi frekar en að vera knúin áfram af réttlátri reiði.

#### Í hverju felst starf þitt fyrir samtökin?

Ég hef meðal annars farið í skóla og fyrirtæki og haldið fyrirlestra til að vekja athygli á málefnum UN Women, en samtökin berjast gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn konum í fátækustu ríkjum heims og á stríðshráðum svæðum. Ég hef í rauninni verið svolítið miður mín eftir að ég byrjaði að kafa í þessi mál, því staðreyndir málsins eru skelfilegar. Við erum að mörgu leyti ofsalega vel stödd hér heima, við erum leiðandi í jafnréttismálum auk þess sem það þykir einna best að vera stúlka hér á landi af öllum ríkjum heims. Af þeim sökum eru margir sem skilja ekki af hverju samtök eins og þessi starfa hér á landi. Það er auðvitað grunnhyggni að sjá ekki að ábyrgðin liggur einmitt hjá fólki í betur stöddu ríkjum þessa heims, okkur ber skylda til að aðstoða konur sem eru verr staddir. Óréttlæti gagnvart konum er líka á breiðu rófi, við erum á hinum enda þess rófs og þess vegna er barátta okkar annars eðlis - við berjumst til dæmis fyrir breyttu hugarfari og jöfnuði milli kynja en allt er þetta í samhengi við mannréttindabaráttu, þó fólk komi kannski ekki auga á það. Ég trúi því að einstaklingurinn geti haft áhrif og sem betur fer er mikil vakning í íslensku samfélagi varðandi þessi mál.

#### Erstu femínistí?

Að sjáfsögðu. Ég fagna því mjög hvað það er sterkur byr með jafnréttisbáttu á Íslandi. Það eru allir femínistar í dag, ef þú ert ekki femínisti þá ertu einfaldlega eitthvað skrytinn. Bara fyrir 5 árum hefði ég til að mynda talað öðruvísi í viðtali, þá hefði ég hvatt ungar konur og karla til að koma og játa að þau séu femínistar, sem þýðir auðvitað að þau séu jafnréttissinnar. Í dag er þetta blessunarlega orðin eðlileg og sjálfsgöð meðvitund. Að því leyttinu fannst mér mjög gaman að koma inn í UN Women, þar gat maður barist fyrir stóra samhenginu í staðinn fyrir að þurfa að eyða kröftum í að sannfæra fólk um kosti femínisma. Í dag erum við einmitt að hrinda af stað átaki gegn því að 14 ára stúlkur séu gefnar í hjónaband. Það er raunveruleiki sem fyrirfinnst víða í heiminum á meðan aðstæður eru allt aðrar hér á landi: Í staðinn erum við í því að velja fermingarkjóra og búa til gjafalista fyrir stúlkur á þeim aldri. Nauðungarhjórabönd og barnamismisnotkun eru hluti af því ofbeldi sem UN Women vinnur að því að uppræta.

#### Þú hljóst fyrir Unicef í síðasta Reykjavík-urmarþoni, ætlar þú að toppa það fyrir UN Women í ár?

Að sjáfsögðu. Hlaupið í fyrra var einstaklega lítið undirbúið, ég hafði varla prófað hlaupabretti fyrir það. Í ár lofa ég 10

kílómetrum, aftur, en nú vonandi á betri tíma en í fyrra og nú fyrir UN Women.

#### Þú hefur unnið talsvert með Vesturporti, varst bæði í Hamskiptunum og Faust. Er það leikfélag ekki eitt stórt standandi parti?

Jú, það er ógeðslega gaman að starfa með þeim. Við Bjössu hoppuðum inn í Hamskiptin í Bretlandi og ferðuðumst um allt Bretland og sýndum verkið. Samstarf Vesturports og Borgarleikhússins á Faust var líka mikið ævintýri og hrikalega skemmtilegt, enda þvilkur lúxus, sérstaklega þegar maður er ungur og nánast nýtskrifaður að fá að ferðast um allan heim á staði sem maður hefði annars aldrei heimsótt. Við fórum meðal annars til Ástralíu, Rússlands, Kóreu og Bandaríkjanna. Það var líka svo áhugavert að prófa að leika sama leikritið fyrir fólk af mismunandi þjóðerni, því viðbrögðin geta verið gjörólík milli staða. Þegar við sýndum Faust í Kóreu var til dæmis hlegið stanslaust á allt öðrum stöðum í leikritinu en þóttu myndir annars staðar. Þessum hópi fylgir gríðarleg velgengni og maður er stoltur af því að hafa verið hluti af honum.

**...í Kóreu var til dæmis hlegið stanslaust á allt öðrum stöðum í leikritinu en þóttu myndir annars staðar.**

#### Sýningar Vesturports krefjast þess margar að leikararnir séu í yfirmátturulegu líkamlegu formi, eruð þið allan daginn í ræktinni?

Nokkurn veginn, við vorum í massífu prógrammi, fimleika- og þolþjálfun. Það er nánast jafn mikil líkamspjálfun og æfingar á leikritinu sjálfu, líka endalausar hugrekkiáskoranir - við erum látin henda okkur fram af svölum, kasta okkur yfir brýr og hoppa úr einhverjum rólum. Það er einfaldlega ekkert í boði að vera smeykur í Vesturporti. Ég er sjálf allt annað en einhver adrenalínfíkill, mér myndi aldrei detta í hug að fara í teygju- eða fallhlífartökk en sem metnaðarfullur leikari þá lætur maður sig hafa þetta og stekkur fram af öllum þeim brúm sem Gísli Örn leikstjóri biður um.

#### Það er mikill hasar að standa á sviði og leika fyrir fullum sal. Hvernig nærðu þér niður eftir sýningar?

Ég er ekki barrotta, hef ekki gaman af að fara á barinn. Ég er heldur ekki björkona, og þetta getur verið slæmt í þessum bransa, að vera ekki gefin fyrir bjór. Ég er hins vegar mikið fyrir harðfisk með smjöri og myntute. Það er rosalega óspennandi og miðaldra, en eftir sýningar gæði ég mér á þeim kræsingum og horfi á einhverja góða skandinavíska sjónvarpsseríu, en þær eru í miklu upphaldi.

#### Draumahlutverkið:

Það er hlutverk Mörtu í leikritinu Hver er hræddur við Virginíu Woolf eftir Edward Albee. Ég þarf að vera aðeins eldri til að takast á við það, en mér finnst það vera dýndurrulla sem ég ætla mér að leika einhvern daginn. Það er á 20 ára planinu.





# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

## 32 ÞÁTTA ÚRSLIT

**ENTOURAGE VS HOW I MET YOUR MOTHER**

**H** Easy, Entourage tekur þetta létt.  
**S** HIMYM eru síðri útgáfa af ekkert svo góðum þætti (Friends). Entourage.

**CURB YOUR ENTHUSIASM VS FAWLTY TOWERS**

**H** Það litla sem ég hef séð af Fawltly Towers er gott en þeir eru ekki að fara að gera neitt á móti Curb.  
**S** Aðeins Larry David skákar Cleesinum.

**CALIFORNICATION VS SCRUBS**

**H** Californication.  
**S** Hank Moody geggjáður en Scrubs tekur þetta.  
**P** Scrubs. Topp 4 í mínum bókum.

**EASTBOUND AND DOWN VS PEEP SHOW**

**H** Eastbound and down. Kenny Powers er einn besti karakter sem skapaður hefur verið fyrir sjónvarp.  
**S** Sárt að kjósa á móti Kenny en ég er algjör Peep Show-maður.  
**P** Var að klára Peep Show og mæli mikið með þeim en Eastbound tekur þetta.

**SEINFELD VS FREAKS AND GEEKS**

**H** Auðvelt. Seinfeld er einn af mínum allra uppáhalds.  
**S** No contest.

**FRIENDS VS THE LEAGUE**

**H** Friends. Hvað er The League?  
**S** Ógeðslegur vinahópur, The League.  
**P** Auðvelt val. Friends sameinar kynslóðirnar.

**SIMPSONS VS MALCOLM IN THE MIDDLE**

**H** Það hryggir mig að sjá Malcolm detta út í 32 þátta úrslitum. Dyrka Dewey.  
**S** Já, Hal er geggjáður en Simpsons tekur þetta.

**COMMUNITY VS 30 ROCK**

**H** 30 Rock er geðveikur þáttur og gæti farið langt hér í dag. Frábærlega skrifaðir þættir, hraðir og skemmtilegir.  
**S** Ég er eins mikill Chevy Chase-maður og menn verða, en 30 Rock er bara betri þáttur.

**FAMILY GUY VS THE OFFICE UK**

**H** Ein jafnasta viðureignin í 32 þátta úrslitunum. En The Office er contender í að fara alla leið og tekur þetta nokkuð örugglega á endanum.  
**S** Office er bara allt of gott, líklegur sigurvegari í dag. Það toppar ekkert atriðið með IT-gæjanum.

**THE OFFICE US VS FLIGHT OF THE CONCHORDS**

**H** Pass, ekki séð F.o.C. en er mikill Office-maður.  
**S** Office. Magnað hvað önnur serían af F.o.C. var léleg.  
**P** Já, það er rétt en s01e01 í F.o.C. er einn allri besti staki þáttur sem ég hef séð en hann dugur ekki til að taka út Scottarann og Dwight.

**FRAISER VS ARRESTED DEVELOPMENT**

**H** Öruggsti sigur umferðarinnar, Arrested. Með fullri virðingu fyrir Fraiser.  
**S** Fraiser alla leið. Nei, smá djók. Arrested Development.

**WORKAHOLICS VS PSYCH**

**H** Workaholics.  
**S** Psych. Workaholics mjög góðir og sundgæinn frábær en Psych á þetta.  
**P** Sean og Gus eru uppáhaldsvíeykið mitt ásamt Turk og J.D og Riggs og Murtaugh.

**PARKS AND RECREATION VS SOUTH PARK**

**H** Ron Swanson er flottur en South Park geta verið svo fánánlega myndir að þeir taka þetta örugglega.  
**S** South Park. Humacentipad.

**GIRLS VS LITTLE BRITAIN**

**H** Áhugaverð viðureign, mjög ólíkir þættir en báðir góðir. Ég segi Girls.  
**S** Little Britain, fallegri þáttur í alla staði.  
**P** Girls. Mjög móðins núna fyrir ástæðu.

**MODERN FAMILY VS KLOVN**

**H** Hrikalegt að Modern Family detti svona snemma út en þau eru óheppin með drátt herna.  
**S** Klovn, fanga þetta Curb sex appeal fullkomlega.  
**P** Sárt að sjá á eftir Phil Dunphy: „I'm a cool dad, that's my thang. I'm hip, I surf the web, I text. LOL: laugh out loud, OMG: oh my God, WTF: why the face“.

**ALWAYS SUNNY IN PHILADELPHIA VS LOUIE**

**H** Louie. Afslappaðir, sniðugir „clever“ þættir.  
**S** Uppistandarinn tekur þetta frekar létt myndi ég segja.

## 16 ÞÁTTA ÚRSLIT

**ENTOURAGE VS CURB YOUR ENTHUSIASM**

**H** Óff, hefði getað verið úrslitaviðureign. Ég elska Curb en það eru eiginlega ekki til skemmtilegri þættir en Entourage. Curb ristir dýpra en Entourage hafa meira afþreyingargildi. Tek Entourage ... eða nei ... jú, Entourage.  
**S** Ég sagði nú einu sinni að Entourage væru bestu þættir sem ég hef séð en ég dreg það tilbaka. Tek Curb.  
**P** Hræðilega erfið viðureign. Mér finnst Entourage skemmtilegri en Curb betri, ef það meikar einhvern sense. Tek Curb en kveð Johnny Drama með sökuði.

**SCRUBS VS EASTBOUND AND DOWN**

**H** & **S** Homerun hjá Kenny Powers.

**SEINFELD VS FRIENDS**

**H** El Classico. Hér mætast tveir risar þar sem Seinfeld tekur þetta þó nokkuð auðveldlega.  
**S** Friends eru aldrei meira en ágætir.

**THE SIMPSONS VS 30 ROCK**

**H** Mig langar að segja 30 Rock en getur maður kosið á móti Simpsons? Tek Simpsons, búinir að vera í uppáhaldi í einhver 15-20 ár.  
**S** Segi 30 Rock til að koma Pétri í klemmu.  
**P** Simpsons er svona eins og geðveikt skemmtilegur frændi manns úr barnæsku. Því miður er hann farinn að kalka og sögurnar hans orðnar þreyttar. 30 Rock.

**THE OFFICE UK VS THE OFFICE US**

**H** UK allan daginn. Eini gallinn við Office UK er að seríurnar eru of fáar, en það gerir þættina að þeim mun meiri goðsögn.  
**S** Þægileg viðureign. UK.

**ARRESTED DEVELOPMENT VS PSYCH**

**H** Algjör yfirburðasigur.  
**S** Auðveldasta viðureignin.  
**P** Sorry Playmaker.

**SOUTH PARK VS GIRLS**

**H** Erfitt val. South Park hefur sigurinn eftir mikla umhugsun.  
**S** Það er meðbyr með Girls en South Park er betri þáttur, búinir að vera lengi í loftinu o.s.frv...

**KLOVN VS LOUIE**

**H** Skemmtileg viðureign. Þetta eru svipaðir þættir en nýjasta serían af Louie er of steikt. Sigur Klovn var aldrei í hættu.  
**S** Eins mikið og mér mislíkar Baunirnar þá vel ég Klovn.




# Hver er heimsins besti gamanþáttur?



Í þessari viku ráðumst við ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og finnum út hver er besti gamanþáttur í heimi. Til þess að komast að sannleikanum ákvað ég að hafa óformlega bikarkeppni sem fór þannig fram; ég valdi þá 32 gamanþætti sem ég taldi skara fram úr og setti nafn þeirra í pott. Svo dró ég einn og einn saman í viðureign og sigurvegarinn hélt áfram í næstu umferð. Til þess að skera úr um sigurvegara fékk ég til mín tvo góða vini mína sem höfðu sitt hvort atkvæðið. Ef þeir voru sammála fór þátturinn áfram en í tilfalli misræmis steig ég upp sem oddviti. Þessir fagaðilar eru **Hannes Þór Halldórsson** og **Stefán Bjarnason**.

Hannes er frábær leikstjóri og mikill sérfræðingur á sviði þáttagerðar. Starfs síns vegna verður hann að vera vel að sér um sjónvarpsþætti og hann er með færustu mönnum í að taka yfirvegaðar ákvarðanir með sinni klínisku og fagurfræðilegu nálgun. Stefán er lögfræðingurinn minn og helsti ráðgjafi þegar kemur að vali og mati á sjónvarpsþáttum. Í vinahópnum er hann þessi gæi sem er algjör meistari, segir svala hluti og það er tekið mark á því sem hann segir.



CURB YOUR ENTHUSIASM



FÉLAGARNIR RÉÐU RÁÐUM SÍNUM Á FABRIKKUNNI



THE OFFICE UK

## 8 ÞÁTTA ÚRSLIT

**CURB YOUR ENTHUSIASM VS EASTBOUND AND DOWN**

- Fyrsta alvöru áskorunin fyrir Kenny Powers og hann er sleginn niður. Larry David með K.O.
- Þrjú vindhögg, you're out Kenny.
- Þrjú vindhögg? Þetta er fyrsta vindhöggið. K.O. var betra.
- Já, en þú ert ekki úr leik fyrr en eftir þrjú vindhögg Hans.

**THE OFFICE UK VS ARRESTED DEVELOPMENT**

- Arrested er að mínu mati ferskast og mögulega besti gamanþáttur allra tíma. Ég fæ í hjartað við að kjósa á móti Office en Arrested er það.
- Yfirburða erfiðasta viðureignin hérna. Hannes talaði um el Classico áðan en hvað er þá þetta? Úrslitaleikur á H.M. Office tekur þetta í vító.
- Arrested er svo hnyttinn, GOB, Funke o.fl. eru meistarastykki. Klárlega topp 3 hjá mér en Office hefur þessa viðureign.

**SEINFELD VS 30 ROCK**

- Þetta er auðvelt. Seinfeld tekur þetta.
- Já, í raun lítið um þessa viðureign að segja. Seinfeld fær mitt atkvæði líka.

**SOUTH PARK VS KLOVN**

- South Park mega vera sáttir við að komast í 8 þátta úrslit en þeir ná ekki lengra.
- Klovn þrátt fyrir Humancentipad.

## UNDANÚRSLIT

**CURB YOUR ENTHUSIASM VS SEINFELD**

- Seinfeld tekur þetta. Get sætt mig við að Curb detti út fyrir þeim. Larry David öruggur í úrslit.
- Seinfeld er svona eins og pabbi Curb, pabbinn er alltaf betri.
- Sbr. Peter Schmeichel og Kasper Schmeichel.
- Já og ekki gleyma Martin Sheen og Emilio Estevez.

## BRONSÍÐ

**KLOVN VS CURB YOUR ENTHUSIASM**

- Líkir þættir, Klovn augljóslega sótt innblástur sinn til Curb. Tek orginalinn.
- Hvort er betra ctrl c eða ctrl v? Sammála Hannesi.

**THE OFFICE UK VS KLOVN**

- Klovn kemst nokkuð verðskuldað í undanúrslitin en á ekki roð í þennan slag.
- The Office, en þetta er alls ekki auðveld ákvörðun.

## ÚRSLIT

**SEINFELD VS THE OFFICE UK**

- Seinfeld hefur einfaldlega allt. Hann er vel skrifaður, mjög myndinn, karakterarnir frábærir og það er hægt að horfa á þessa þætti endalaust. Auk þess gengu þeir í 9 season án þess að dala. Office er frábær í alla staði en á heildina lítið er Seinfeld besti gamanþáttur allra tíma.
- Seinfeld, er bara aðeins betri.

Margar erfiðar viðureignir að baki og sárt að sjá á eftir þáttum eins Modern Family og Always Sunny sem detta strax út í 32 þátta úrslitum. Niðurstaðan er hins vegar skýr og vorum við allir sammála um að Seinfeld væri verðskuldaður handhafi titilsins: **Heimsins besti gamanþáttur.**

Vito Corleone: „I'm gonna make him an offer he can't refuse.“  
(The Godfather, 1972)



## Mun hún samþykkja son sinn?

**Admission** er frumsýnd um helgina

Kona sem starfar við að samþykkja eða hafna umsóknum um nám við Princeton-háskólann lendir í vanda þegar piltur sem hana grunar að sé hennar eigin sonur sækir um. Admission er bráðskemmtileg mynd með þeim Tinu Fey og Paul Rudd í aðalhlutverkum, en leikstjóri er Paul Weitz sem á að baki myndir eins og American Pie, About a Boy, In Good Company og Being Flynn svo einhverjar séu nefndar.

Portia Nathan vinnur við að fara yfir og meta umsóknir þeirra sem árlega sækja um skólavist í Princeton-háskólann, en þeir eru mun fleiri en mögulegt er að koma að. Starfið er því vandasamt í meira lagi og um leið og Portia þarf að

sýna íturstu fagmennsku við matið þarf hún að standast gríðarlega pressu frá umsækjendum, enda vilja allir komast að og sumir beita alls kyns brögðum til að hafa áhrif á hina endanlega ákvörðun. Eitt af því sem Portia þarf að forðast er að hygla þeim sem hún er persónulega tengd eða láta tilfinningar sínar hafa áhrif á valið. Á þetta reynir hins vegar verulega þegar Portia fer að gruna að einn umsækjendanna sé í raun hennar eigin sonur sem hún hafði gefið til ættleiðingar strax eftir fæðingu á sínum tíma.

Admission er byggð á samnefndri bók eftir rithöfundinn Jean Hanff Korelitz sem sjálf starfaði við Princeton-háskólann á árum áður.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### G.I. Joe 2: Retaliation

Í G.I. Joe 2: Retaliation lenda liðsmenn G.I. Joe-sérsvéitarinnar í átökum við Zartan, Storm Shadow og Firefly, sem þjóna öll Cobra-leiðtoganum. Zartan, sem síðast sást í dulargervi sem forseti Bandaríkjanna, ráðskast með ríkisstjórn Bandaríkjanna og ásakar sérsvéitarmenn G.I. Joe um að vera svikara. Í framhaldinu útrýmir Zartan flestum G.I. Joe-liðum og það komast ekki nema fáeinir þeirra af. Zartan og Cobra-leiðtoginn hafa nú alla þjóðarleiðtoga heimsins undir sinni stjórn og hyggja á heimsyfírrád, en það er nokkuð sem G.I. Joe-sérsvéitin verður bersýnilega að koma í veg fyrir.

**Leikstjóri:** Jon M. Chu.  
**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson (The Rock), Jonathan Pryce, Byung-hun Lee, Bruce Willis, Elodie Yung, Ray Stevenson, D.J. Cotrona, Channing Tatum, Adrienne Palicki.  
**Lengd:** 110 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Laugarásbrú, Smárabíó, Sam-Álfabakka, Sam-Egilshöll og Borgarbíó Akureyri.



### KVIKMYND

## Á rúntinn með Sigga sýru

Flight er nýjasta mynd Robert Zemeckis, sem leikstýrði m.a. Forrest Gump og Back to the Future-þrileiknum. Hann fær til liðs við sig stórleikarann og töffarann Denzel Washington til að leika aðalhlutverkið í myndinni.



til að bjarga vélinni, sem hann gerir. Enginn annar hefði getað púllað þetta og Whip er hetja. Eða hvað? Rannsókn á flugslysinu á eftir að hafa alvarlegar afleiðingar.

Myndin fjallar um flugmanninn Whip, sem Denzel leikur. Whip er grimmur alkohólisti og fíkill sem er búinn að brenna allar brýr að baki sér hjá konu sinni og unglingsssyni. Það eru tveir hlutir í þessum heimi sem hann er virkilega góður í, að djamma og fljúga flugvélum. Einn morguninn vaknar hann timbraður til að fara í flug, morgunverðurinn þennan morgun samanstendur af afréttara og kókaíni. Þegar í flugið er komið skellir hann í sig tveim litlum flöskum af vodka og þá er hann til í tuskið. En eitthvað er að flugvélinni og hún fer að hrapa. Allt virðist stefna í harða brotlendingu þegar Whip tekur upp á ótrúlegri aðferð

Flight er saga af manni sem reynir að halda í líf sitt á bláþræði. Hann berst við áfengi og fíkniefnadjöfufullinn en getur ekki sleppt takinu. Zemeckis gerir virkilega vel í að sýna hversu erfitt það getur verið að snúa bakinu við fíkninni þegar hún er komin á þetta stig, það er auðveldara að ljúga bara einu sinni enn og auðveldara að valda fólki vonbrigðum en að veita þeim hamingju. Þessi mynd er síðan tekin á annað level með frammistöðu Denzel Washington, hann er svo góður í þessari mynd og sýnir það svo vel hversu langt er hægt að sökkva í sukkið. Það kemur alls ekki á óvart að hann skuli hafa verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir Flight. John Goodman og Kelly Reilly standa sig líka vel í aukahlutverkum sínum og kemur Goodman með hressan húmor inn í þessa dramatísku mynd.

Flight er mynd sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Virkilega góð í alla staði. Leikstjórn, leikur, söguþráður og boðskapur er allt til fyrirmyndar.




ÍVAR ORRI ARONSSON

### FLIGHT



**VILTU VINNA MIÐA?**  
facebook.com/monitorbladið



### MENNTAVÍSINDASVIÐ

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja vinna með fólki á sviði kennslu, uppeldis, íþróttar eða þjálfunar.

- » Grunnskólakennaranám
- » Tómstunda- og félagsmálafræði
- » Íþróttar- og heilsufræði
- » Uppeldis- og menntunarfræði
- » Leikskólakennaranám
- » Þroskaþjálfarafræði

Kynntu þér málið á [www.mennta.hi.is](http://www.mennta.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

FRUMSÝND 5. APRÍL

NÝTT Í BÍÓ

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA





**HÖNDLARÐU HITANN ?**

THE ORIGINAL  
**TYRKISK  
PEBER**